

VEITINGASTADIR

A. Hansen Vesturgötu 4, Hf., s. 565 1693. Opió 11.30-22.30 alla daga.

Amigos Tryggvagötu 8, s. 511 1333. Op. 11.30-14 og 17.30-22.30 v.d. og sd., 17.30-23.30 fd. og ld.

Argentína Barónsstíg 11a, s. 551 9555. Opió 18-23.30 v.d., 18-3 um helgar.

Asia Laugavegi 10, s. 562 6210. Opió 11.30-22.30 v.d., 12-22.30 sd., 11.30-23.30 fd. og ld.

Askur Suðurlandsbr. 4, s. 553 8550. Op. 11-22 sd.-fid., 11-23.30 fd. og ld.

Austur Indía fjelagið Hverfisgötu 56, s. 552 1630. Opió a.d. frá kl. 18.

Á næstu grösom Laugavegi 20, s. 552 8410. Opió 11.30-14 og 18-22 v.d., 18-22 sd. og lokað ld.

Banthalai Laugavegi 130, s. 552 2444. Op. 18-22 md.-fid. og 18-23 fid.-sd.

Café Ópera Lækjargötu 2, s. 552 9499. Op. 18-23.30 v.d., 18-01 fd. og ld.

Carpe Diem Rauðarárstíg 18, s. 562 3350. Opió 11-23 alla daga.

Caruso Þingholtsstræti 1, s. 562 7335. Opió sd.-fid. 11.30-23.30. Fd. og ld. 12.-2.

Grænn kostur Skólavörðustíg 8b, s. 552 2028. Opió md.-ld. frá 11.30-21 og sd. frá 16-21.

Hard Rock Café Kringlunni, s. 568 9888. Opió 11.45-23.30 md.-ld., 12-23.30 sd.

Hornið Hafnarstræti 15, s. 551 3340. Opió 11-23.30 alla daga.

Hótel Borg Pósthússtræti 11, s. 551 1440. Opió 8-23.30 alla daga.

Hótel Esja Suðurlandsbraut 2, s. 568 9509. Opió 11-22 alla daga.

Hótel Holt Bergstaðastræti 37, s. 552 5700. Opió 12-14.30 og 19-22.30 v.d., 12-14.30 og 18-22 fd. og ld.

Hótel Loftleiðir Reykjavíkurlflugvelli, s. 552 2322. Opió í Lóninu 5-23, í Blómasal 18.30-22.

Hótel Óðinsvá v/Oðinstorg, s. 552 5224. Opió 12-15 og 18-23 v.d., 12-15 og 18-23.30 fd. og ld.

Hótel Saga Grillið, s. 552 5033. Súlusalur, s. 552 0221. Skróður, s. 552 9900. Grillið opíó 19-22.30 a.d., Súlusalur 19-3 ld., Skróður 12-14 og 18-22 a.d.

Humarhúsið Amtmannsstíg 1, s. 561 3303. Opió 10-23.30 v.d., 10-1 ld. og sd.

Indólkína Laugavegi 19, s. 552 2399. Opió 11.30-22.30 alla daga, ld. frá 11.30-23.30.

Ítalía Laugavegi 11, s. 552 4630. Opió 11.30-23.30 alla daga.

Jónatan Livingston Mávur Tryggvagötu 4-6, s. 551 5520. Opió 17.30-23 v.d., 17.30-23.30 fd. og ld.

Kinahlóði Nýbýlavegi 20, s. 554 5022. Opió 17-21.45 v.d., 17-22.45 fd., ld. og sd.

Kína-húsið Lækjargötu 8, s. 551 1014. Opió 11.30-14 og 17.30-22 v.d., 17.30-23 fd., 15-23 ld., 17-22 sd.

Kinamúrinn Laugavegi 126, s. 562 2258. Opió fd., ld., 11.30-23.30, sd.-fid. 11.30-22.30.

Kofi Tómasar frænda Laugavegi 2, s. 551 1855. Opió 10-01 sd.-fid. og 11-03 fd. og ld.

Kringlukuráin Kringlunni 4, s. 568 0878. Opió 12-1 v.d., 12-3 fd. og ld.

Lauga-ás Laugarásvegi 1, s. 553 1620. Opió 11-22 og 11-21 um helgar.

Lækjarbrekka Bankastræti 2, s. 551 4430. Opió md.-mid. 11-23.30, fid.-sd. 11-03.30.

Madonna Rauðarárstíg 27-29, s. 562 1988. Opió 11.30-23.30 a.d.

Marhaba Rauðarárstíg 37, s. 562 6766. Opió a.d. nema md. 17.30-23.30.

Naustið Vesturgötu 6-8, s. 551 7759. Opió 12-14 og 18-01 v.d., 12-14 og 18-03 fd. og ld.

Pasta Basta Klapparstíg 38, s. 561 3131. Opió virka daga frá 11.30 til 1.00 og um helgar til 3.00.

Perlan Óskjuhlíð, s. 562 0200. Opió 18-23.30 v.d., 18-24.30 fd. og ld.

Potturinn og pannan Brautarholti 22, s. 551 1690. Opió a.d. 11.30-22.

Primavera Austurstræti, s. 588 8555. Op. 12-14.30, 18-22 v.d., 18-23 fd., 18-23.30 ld., 18-22 sd.

Salatbarinn hjá Eika Fákafeini 9, s. 588 0222. Opió alla daga frá kl. 11.30-20.30. nema ld. frá 11.30-16. Lokað á sd.

Samurai Ingólfsstræti 1a, s. 551 7776. Opió v.d. 18-22, fd., ld., 18-23.

Singapore Reykjavíkurvegi 68, s. 555 4999. Opió 18-22 pd.-fid., 18-23 fd.-sd.

Sjanghæ Laugavegi 28, s. 551 6513. Opió 11.30-23.30 v.d., 12-22.30 sd.

Sjö rósir Sigtúni 38, s. 588 3550. Opió 7-23.30 alla daga.

Skólalabur Skólalabur 1, s. 562 4455. Opió frá kl. 18 alla daga og í hd.

Steikhús Harðar Laugavegi 34, s. 551 3088. Opió 11.30-21 v.d. og sd., 11.30-23.30 fd. og ld.

Tilveran Linnetsstíg 1, s. 565 5250. Opió 11-23 alla daga.

Við Tjörnina Templarasundi 3, s. 551 8666. Opió 12-14 og 18-22.30 md.-fd., 18-23 ld. og sd.

Viðeyjarstofa Viðey, s. 568 1045 og 562 1934. Opió fid.-sud., kaffist. kl. 14-17. Veitingasalur kl. 18-23.30.

Vítambar Bergþórugötu 21, s. 551 7200. Opió 15-23.30 v.d., 12-02 a.d.

Þrjú Frakkar hjá Úlfari Baldursgötu 14, s. 552 3939. Opió 11-14.30 og 18-23.30 ld. og sd.

Hafnarhúsið og Gallerí Sævars Karls:

Konur Errós


Listamaðurinn Erró verður fyrirferðarmikill á Listahátíð í Reykjavík í ár. Haldnar verða tvær sýningar á verkum hans, önnur í Hafnarhúsinu og hin í Galleríi Sævars Karls.

Sýningin í Hafnarhúsinu ber yfirskriftina „Konur“ og er þar á ferðinni úrval úr safni Listasafns Reykjavíkur á myndum Errós, en hann gaf safninu um 2.500 myndir árið 1989. Konur hafa ætíð skipað veigamikinn sess í listaverkum Errós og margar myndaraðir hans, s.s. „Femme Fatale“, eru sérstaklega tileinkaðar konum. Sýningin verður opnuð á morgun og stendur til 23. ágúst.

Sýning Errós í Galleríi Sævars Karls ber yfirskriftina „Vasamyndir“ en þar verður einnig að finna skúlptúra eftir Guðjón Bjarnason.

Á þessari sýningu sýnir Erró í fyrsta sinn á Íslandi ör-myndir, sem hann nefnir vasamyndir. En þótt málverkin séu smá og einföld í eðli sínu, er uppsetningin margbrotin; hvernig listamaðurinn græðir myndirnar aftur inn í heild, innsetningu, þar sem andlitin eru aftur orðin hluti af samklippi (collage) myndanna. Verkin verða til sölu.

Sýningin verður opnuð á sunnudaginn og stendur hún til 10. júní.



Tvær sýningar á verkum Errós verða á Listahátíð í Reykjavík.

DV-mynd Hill



Kirkjuklæði hönnuð af Margréti II. Danadrottningu verða sýnd í Þjóðminjasafni Íslands.

Þjóðminjasafn Íslands:

Kirkjuklæði Danadrottningar

Í Þjóðminjasafni Íslands verða meðan á Listahátíð stendur sýnd kirkjuklæði sem Margrét II. Danadrottning hefur hannað. Þarna eru á ferðinni veglegir og dýrmætir kirkjutextílar eða messuklæði sem Margrét II. hefur gert fyrir kirkjur í Danmörku.

Hönnun Margrétar II. á kirkjutextílum er fólgin í frumhugmynd og listrænni útfærslu, vali trúarlegra tákna, vali efna og tækni, og nokkur dæmi eru um að drottningin hafi sjálf unnið stóra vandasama útsaumskafla í höklum og biskupskápum. Til grundvallar hönnun Margrétar II. liggja ítarlegar athuganir hennar á rými þeirrar kirkju sem gripurinn mun prýða, með hliðsjón af sögu kirkjunnar.

Sýningin verður opnuð á morgun og stendur til 7. júní.



Ein höggmynda Max Ernst sem finna má á sýningu í Listasafni Íslands.

Listasafn Íslands:

Frumlegasti súrrealistinn

Á Listahátíð Reykjavíkur verður haldin sýning á verkum listamanns Max Ernst (1891-1976). Hann var einna fjölhæfastur og frumlegastur þeirra listamanna sem teljast til súrrealismans en hann hóf feril sinn með þátttöku í hinni uppreisnargjörmu Dada-hreyfingu.

Sýningin verður í Listasafni Íslands og mun hún veita góða sýn yfir verk þessa þekhta listamanns.

Á henni verða um 60 höggmyndir. Einnig verða sýndar ljósmyndir af Max Ernst, teknar af mörgum þekktustu ljósmyndurum og listamönnum aldarinnar, svo sem Man Ray, Bill Brandt og Henri Cartier-Bresson. Sýningin er unnin í samvinnu við Cavaliero Fine Art í New York og Max Ernst Cabinet í Brúhl. Hún verður opnuð á sunnudaginn og stendur til 28. júní.

Reykjavíkurbörn:

Flugdrekasýning

Eitt aðalatriðanna við opnun Listahátíðar verða kinnverskir flugdreka-meistarar frá Weifang-borg í Kína sem sýna stórfenglega litskrúðuga flugdreka við höfnina. Þessir glegu og litskrúðugu silki-flugdrekar eru oft í líki fljúgandi dýra og geta verið allt að 40 langir. Flugdrekunum verður stýrt af þekktustu flugdrekameisturum Weifang sem hafa ferðast með flugdrekasýningar sinna víða um heim.

Flugdrekanaámskeiðin sem haldin voru um síðustu helgi voru fullskipið og gríðarlegur áhugi hefur blossað upp á þessari fornu kinnversku list. Áætlað er að um 300 íslenskir drekar geti verið á lofti á Arnarhóli og á hafnarsvæðinu á laugardaginn frá um kl. 13.

Setning

Það verður líf og fjör við Reykjavíkurbörn þegar Listahátíð í Reykjavík verður sett þar kl. 14 á morgun. Þá sýna íslenskar fjölskyldur flugdreka og kinnverskir meistarar fara með fljúgandi dreka og gangandi orma um hafnarsvæðið. Börn krita listaverk í afrísk-

Reykjavíkur

- opnun listahátíðar 16. maí 199

